

relaxation.is



# RELAXATION CENTRE

## NUDD OG SNYRTING



petria



### Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

31. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 7. nóvember 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: [WWW.KGP.IS](http://WWW.KGP.IS)

**KOMINNTÍMIA SKOÐUN?**



Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**



Lyfjaval HEILSA & HÁMINGJA



Bílaapótek Lyfjavals Hæðasmára

**FASTEIGNASALAN TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR



**Darri Örn**  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000




Bæjarlind 14-16  
[www.errea.is](http://www.errea.is)

**MEKÓ**



**MENNING Í KÓPAVOGI**

## Snælandsskóli 50 ára

Snælandsskóli fagnaði hálftrar aldar afmæli með sérstakri afmælisviku þar sem hápunkturinn var afmælishátíð



Í síðustu viku fagnaði Snælandsskóli 50 ára afmæli. Af því tilefni var skólinn með uppbot og viðburði fyrir nemendur alla vikuna, en hápunkturinn var afmælishátíð sl. föstudag.

Snælandsskóli tók til starfa í september árið 1974 en þá var hafin uppbygging í hverfinu eftir Vestmannaeyjagosið árið 1973. Fyrst um sinn var kennt í nokkrum kennslustofum í Digranesskóla en í lok október 1974 fékk skólinn eigið húsnæði til afnota þ.e. skúrar sem nýttir voru sem kennslustofur.

Fyrsta álman í núverandi húsnæði var tekin í notkun árið 1978 og smám saman hafa bæst við álmur frá þeim tíma, en sú nýjasta, F-álma, var tekin í notkun 2003. (Sjá nánar á bls. 8, 12 og 14.).

**LÆGSTA**  
VERÐIÐ  
Í KÓPAVOGI  
ER Á **DALVEGI**



**HAFIÐ**  
FISKVERSLUN  
*- Gæðin skipta máli -*

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



## Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



# nettó

**30% AFSLÁTTUR**  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flugger: 30% afsláttur af allri innimálinngu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



## Strákarnir á Réttingarverkstæði Jóa klæddust bleiku




Piltarnir á Réttingarverkstæði Jóa á Dalvegi tóku að sjálfsgöðu virkan þátt og klæddust bleikum bolum, til að sýna konum stuðning og samstöðu

Bleiki dagurinn var haldinn á dögnum, en hann er haldinn til stuðnings fyrir allar þær konur sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra.

skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni fyrir stuðning og samstöðu.

Piltarnir á Réttingarverkstæði Jóa á Dalvegi í Kópavogi tóku að sjálfsgöðu virkan þátt og klæddust bleikum bolum og þeir blönduðu honum við bláa litinn sem er ein-kennislitur Réttingarverkstæði Jóa.

Á Bleika deginum ár hvert eru landsmenn hvattir til að vera bleikir - fyrir okkur öll, bera slaufuna, klæðast bleiku og lýsa



 **FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

			
Frímann 897 2468	Hálfán 898 5765	Ólöf 898 3075	Jón 793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



 **HARPA**  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19  
Garðabær  
harpa@harpautfor.is  
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045

## Hrafnista tekur við rekstri Boðans Lífsgæðakjarni í Boðapingi



Haldið var upp á áfangann með veislu! F.v. Jón Kristján Rögnvaldsson, Ariel Pétursson, Oddgeir Reynisson, Ásdís Kristjánsdóttir, Krístrún Benediktsdóttir, María Fjóra Harðardóttir og Sigrún Þórarinsdóttir

Kópavogsbær hefur samið við Hrafnistu um rekstur félagsmiðstöðvarinnar Boðanum í Boðapingi. Haldið var upp á áfangann með veislu í Boðapingi þar sem fastagestir fjölmenntu.

Hrafnista hefur rekið 44 rýma hjúkrunarheimili í Boðapingi og 30 rýma dagdvöl fyrir aldraða frá árinu 2010. Í dag standa einnig yfir framkvæmdir vegna 64 nýrra hjúkrunarrýma í Boðapingi sem verða tilbúin í maí 2025 auk þess sem Sjómannadagsráð á og rekur 95 leiguíbúðir í Boðapingi í gegnum leigufélagið Naustavör.

sem eru sambærilegir við þá sem starfræktir eru í Hafnarfirði, Reykjavík og Reykjanesbæ.

Takmarkið er að lífsgæðakjarninn verði að akkeri í hverfinu, þangað sem eldra fólk getur sótt sér þjónustu, félagskap og afþreyingu af ýmsu tagi. Húsið verður áfram opið öllum og í boði fjölbreytt dagskrá og viðburðir þar sem leitast er eftir því að sníða starfið að áhugasviði sem flestra eins og hefur verið gert undanfarin ár í félagsmiðstöðinni Boðanum.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs og Ariel Pétursson formaður Sjómannadagsráðs sem rekur Hrafnistu héldu stutt ávörp við tækifærið og heilsuðu upp á gesti í Boðapingi. Sóli Hólm flutti gamanmál og svo var boðið upp á veitingar.

**Takmarkið er að lífsgæðakjarninn verði að akkeri í hverfinu**  
Með samningnum færast Hrafnista Boðapingi nær því að setja upp lífsgæðakjarna



## Afrekssjóður Kópavogs

Auglýst er eftir umsóknum í Afrekssjóð Íþróttaráðs Kópavogs

Samkvæmt reglugerð eru markmið sjóðsins eftirfarandi:

- Að veita afreksiþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- Að veita afreksiþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi en getur ekki stundað sína íþrótt í bæjarfélaginu.

Umsóknum skal skila inn rafrænt í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar á [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Opið er fyrir umsóknir frá 7. nóvember – 30. nóvember 2024

Frekari upplýsingar veitir Gunnar Guðmundsson: [gunnarg@kopavogur.is](mailto:gunnarg@kopavogur.is)



**Kópavogsbær**

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

Vefsíða Kópavogspóstisins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn) [Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



# OPINN FUNDUR MEÐ BJARNA BENEDIKTSSYNI

SJÁLFSTÆÐISFÉLÖGIN SUÐVESTURKJÖRDÆMI

LAUGARDAGINN 9. NÓVEMBER  
KL. 10:00 - HLÍÐARSMÁRA 19





# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,

Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Kópavogspósturinn kemur næst út 14. nóvember**

Síðasti skiladagur er föstudaginn 8. nóvember

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

**Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað**



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

**Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)**

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjörð | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)



**Frí Tjónaskoðun**

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

554 2510

SJÓVÁ

TM

VÍS

Vörður

BRÁVOTTUN

BGS



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Kópavogspósturinn á [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

## Samtals fengu 417 einstaklingar jólaaðstoð í fyrra hjá mæðrastyrksnefnd

Búið að opna fyrir umsóknir um jólaaðstoð hjá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs

Eins og undanfarin ár er hægt að sækja um jólaaðstoð hjá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, en hægt er að skila inn umsóknarferli allan nóvember og er opið alla þriðjudaga frá kl. 16 til 18 í Fannborg 5.

Allar umsóknir eru samkeyrðar

Þeir sem sækja um aðstoð þurfa að skila inn staðgreiðsluskrá og búsetuvottorði. Allar umsóknir um jólaaðstoð hjá hjálpar-samtökum á höfuðborgarsvæðinu, fyrir utan Fjölskylduhjálpinu, eru samkeyrðar þannig að aðeins er hægt að sækja um á einum stað. Aðstoðin hjá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs er eingöngu veitt Kópavogsbúum og Grindvíkingum með aðsetur í Kópavogi.

Opið er níu mánuði á ári, alla þriðjudaga frá kl. 16.00 til 18.00 einnig þá geta Kópavogsbúar sótt um aðstoð til matarkaupa í formi gjafakorta í Krónuna og eða Bónus og gildir það sama að allir umsækjendur verða að skila inn búsetuvottorði og staðgreiðsluskrá.

Margt annað er að finna í aðstöð Mæðrastyrksnefndar Kópavogs í Fannborginni t.d. bækur spil, búsaðhöld skó og margt fleira. Allir eru velkomnir.

Allt sem nefndin fær gefins er gefið áfram, nema fötin sem hægt er að versla í fulla innkaupapoka á 2000 kr. og tvo poka á 3000 kr. Reyndar bara út nóvember því eftir er byrjað að undirbúa húsnæðið fyrir jólaaðstöðina.

139 umsóknir í fyrra

Umsóknir um jólaaðstoð 2023 voru 139, þar af voru 55 af erlendum uppruna, sam-



tals um 417 einstaklingar. Að meðaltali eru þrjú einstaklinga bak við hverja kennitölu. 15 umsóknir bárust eftir að úthlutun lauk þ.e. um 15 kennitölur og eru þeir ekki með í samantektinni. Var þeim úthlutað matvörum en ekki kortum.

Skipting styrkþega jólaaðstöðar 2023:

Börn: 0-18 ára um 144

Ungmenn: 19-24 ára 4

Einstaklingar: 62

Einstæðir foreldrar: 56

Hjón/samb.án barna: 5

Hjón með börn: 18

Fullorðnir sem búa hjá foreldri: 7

Eldri Borgarar 67 ára og eldri: 14

Öryrkjar innan hópsins: 65, sem er

aukning um helming frá árinu á undan.

Öllum úthlutað jafnt

„Við jólaúthlutum er öllum úthlutað jafnt af vörum eins og kjöti, kjúkling, osti, smjöri, snyrtivörum, gosi, brauði, jólasælgti o.fl. Einnig fá allir umsækjendur jólagjafir. Afí og amma fá gjafir fyrir barnabörnin en við miðum við 3 til 4 jólapakka á þau. Auk þess fá umsækjendur gjafakort í matvælavæslun og fer upphæðin eftir fjölskyldustærð og fjárhagsstöðu nefndarinnar en

kortin eru keypt fyrir styrktarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum,” segja þær Þórunn og Anna hjá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.

Átta konur starfa hjá mæðrastyrksnefnd í sjálfböðavinnu

Í Mæðrastyrksnefndinni eru átta konur, allar sjálfböðaliðar, en þyrftu að vera fleiri. „Flestar konur hafa starfað lengi hjá nefndinni og væru ekki í þessu starfi nema að það gæfi mikið að geta aðstoðað fólk og fá oftast óskorið þakkæti til baka. Einnig hafa nokkrir karlmenn lagt okkur lið þegar þarf. Undanfarin ár hefur starfsfólk Íslandsbanka aðstoðað við innpökkun jólagjafa. Einnig hafa starfsmenn skrifstofu Kópavogs lagt nefndinni lið fyrir jólin,” segja þær.

Eins og fyrir öll jól þá fer eftir hvað mikið kemur inn af styrkjum hvað jólaúthlutunin verður vegleg.

Við hvetjum alla sem tók hafa á að styrkja Mæðrastyrksnefnd Kópavogs. Margt smátt gerir eitt stórt.

Kt. 500197-2349

Reikn. 0536-05-403774

popmask

# SPOTTAÐU BÓLUNA

MEÐ POPSPOT BÓLUPLÁSTRINUM

NÝ SENDING  
KOMIN TIL  
LANDSINS

MEST SELDA  
POPSPOT  
VARAN Í  
HAGKAUP



ÖRÞUNNIR BÓLUPLÁSTRAR ÚR VATNSKVOÐULAUSN SEM VINNA Á BÓLUM Á AÐEINS NOKKRUM KLUKKUSTUNDUM

Innihalda salísýlsýru en hún dregur úr bólgmyndun og er einnig bakteríudrepandi. Plástrarnir innihalda einnig tea tree öllu sem sefar húðina og kemur í veg fyrir erftingu. Plástrarnir eru glærir og mattir svo þeir verða nánast ósýnilegir þegar þeir eru settir á húðina. Þú finnur lista yfir söluþæbi POPMASK á [bpro.is](http://bpro.is)

[WWW.BPRO.IS](http://WWW.BPRO.IS)

[/BPROICELAND](https://www.facebook.com/BPROICELAND)

[@BPROICELAND](https://www.instagram.com/BPROICELAND)

[@BPROICELAND](https://www.tiktok.com/@BPROICELAND)



# KJÓSTU → ÖÐRUVÍSI

30.  
NÓVEMBER



# PÍRATAR





# Ýmis námskeið tengd þrjónaskap hjá AS WE GROW



Í október var haldið fyrsta námskeiðið í þrjónaseríu íslenska fatahönnunarmerkisins AS WE GROW.

Byrjendur fengu leiðsögn frá Sólku Sól og komust af stað með sín fyrstu verkefni. Stemningin var einstaklega hlý og góð og voru þarna saman komnir byrjendur með mismikla reynslu. Sumir höfðu byrjað nokkrum sinnum á sömu flíkinni og aðrir höfðu ekki snert þrjóna síðan í barnaskóla.

AS WE GROW mun halda áfram að bjóða upp á ýmis konar námskeið tengd þrjónaskap, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.



Á döfinni er að kenna nýjum þátttakendum að hanna sitt eigið munstur, aðlaga og gera við þrjónaflikur, bæði á hefðbundinn hátt og með skemmtilegum og skapandi útfærslum. Kveikjan að AS WE GROW var einmitt handþrjónuð flik sem gekk manna á milli og hélt hlýju í hópi ættingja og vina í meira en áratug. Að þrjóna og skapa flikur sem gætu gengið á milli kynslóða og tengt fólk saman.

Hægt er að fá upplýsingar um námskeiðin á heimasíðu As We Grow, [aswegrow.is](http://aswegrow.is). Meðfylgjandi eru myndir sem Eygló Gísladóttir tók á námskeiðinu.

## X - 24 Alþingiskosningar

# Hverjum þjónar núverandi efnahagsstefna?

Fyrir nokkrum árum voru háleit loforð gefin til íslenskra heimila um betri efnahagslega framtíð. Núverandi forsætisráðherra fullyrti að fólk fengi meira fyrir laun sín, skattar hefðu lækkað og að verðbólga væri hófleg. Talað var um að auðveldara væri að ná endum saman og varað við að breytingar á ríkisstjórn gætu hækkað verðbólgu á ný.

Sumir trúðu því í framhaldinu að Ísland væri á leið inn í tímabil efnahagslegrar velmegunar en raunveruleikinn hefur reynt annar. Eftir endurkjör ríkisstjórnarinnar var gríðarlegu magni af ódýrum peningum dælt inn í hagkerfið til að bregðast við áhrifum kórónuveirufaraldursins. Þessi aðgerð, ásamt seinkun þess að draga úr peningaprentun, leiddi til þess að verðbólgan óx verulega og stýrivextir hækkuðu.

### Ójöfnuður eykst

Lágttekjufólk, leigjendur og skuldugar barnafjölskyldur fundu hvað mest fyrir hækkanði vöxtum og verðbólgu. Þau sem skulda lítið eða eiga mikið fjármagn hafa minna að óttast og geta haldið lífi sínu áfram án mikilla óþæginda. Þetta veldur auknum ójöfnuði þar sem þeir sem eiga mest njóta góðs af ástandinu á meðan aðrir berjast í bökkum.

Síðasta ríkisstjórn hélt því stöðugt fram að hlutirnir væru á réttari leið og að

þetta væri „allt að koma“. En ríkissjóður er rekinn með miklum halla og vaxtakostnaður ríkisins er einn sá hæsti í Evrópu. Þrátt fyrir þetta ástand hefur lítið verið gert varðandi tekjuhlíð ríkisfjármálanna til að auka tekjur ríkissjóðs eða draga úr halla.

### Þetta lagast ekki af sjálfu sér

Nýlegar tölur sýna að 10 prósent heimila í landinu fá 70 prósent allra fjármagnstekna. Á meðan eiga margir í fjárhagsferiðleikum hér á landi en um 60.000 heimili ná endum saman með naumindum, nota sparifé eða safna skuldum. Þetta er ólíðandi með öllu.

Það er mikilvægt að horfast í augu við stöðuna og viðurkenna að aðgerða er þörf til að leysa vandamálin sem þessi hópur stendur frammi fyrir. Það er ekki nóg að biða og vona að hlutirnir lagist af sjálfu sér. Ein leið til að gera það er að endurskoða skattkerfið og tryggja að þeir sem hagnast mest á ástandinu leggi meira af mörkum til samfélagsins. Einnig þarf að huga að því að styðja við þá sem verst hafa orðið úti, til dæmis með auknum stuðningi við lágttekjufólk, leigjendur og skuldugar fjölskyldur.

### Efla þarf traust almennings

Einnig er nauðsynlegt að auka traust og trúverðugleika í stjórnáttum. Kjósendur þurfa að geta treyst því að stjórnáttamenn standi við gefin loforð og vinni í þágu heildarinnar. Þegar loforð eru ekki



Gísli Rafn Ólafsson

efnd og ábyrgðin lítil, þá eykst vantraustið og trúin á kerfið veikist.

Við þurfum stjórnáttamenn sem eru tilbúnir að taka erfiðar ákvarðanir, setja hagsmunum þjóðarinnar ofar eigin hagsmunum og vinna að raunverulegum lausnum. Það er ekki nóg að treysta á þá sem virðast vinna fyrst og fremst við að vona það besta.

Það þarf aðgerðir og ábyrgð. Það er kominn tími til að við tökum af skarið og kjósum fólk sem er tilbúið að vinna saman að betra samfélagi þar sem allir geta notið góðs af.

Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata í Suðvestur kjördæmi

Kópavogspósturinn á [www.kgp.is](http://www.kgp.is) - [Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

# Harðasti jólapakkinn í ár Challenger XL Rafmagns barnabuggy

Fjór hjóladrífinn með mótör við hvert hjól  
Fjarstýrður og Handstýrður  
Öflug 24V rafhlaða

Stillanleg leðursæti með 2 öryggisbeltum  
15 tommu gúmmídekk  
Bluetooth útvarp og svo margt fl.



Barnabilar.is

BARNABÍLAR



Fröken Reykjavík  
KITCHEN · BAR



# EINSTÖK JÓLAVEISLA

21. nóvember – 5. janúar



## 5 RÉTTA JÓLAVEISLA

Villibráðaseyði ❄️  
Vestfirsk hörpuskel ❄️  
Hreindýra tartar ❄️  
Steikt andabringa ❄️  
Mandarínur og möndlur ❄️

**14.900 kr.**



FROKENRVK.IS | @FROKEN\_REYKJAVIK  
LÆKJARGATA 12, 101 REYKJAVÍK

Fröken Reykjavík  
KITCHEN · BAR

HÓTEL  
REYKJAVÍK  
—  
SAGA



Bubbly  
HOUR  
16 – 18





# Boðið upp á afmælistat og afmælisköku í eftirrétt

Hápunktur 50 ára afmælis Snælandsskóla var afmælishátíð í skólanum sí. föstudag.

Nemendur fengu morgunmat í boði skólans, ostaslaufur, horn, ávexti og djús. Eftir frímínútur var farið í íþróttahús HK í Fagralundi þar sem dagskráin hófst með því að Brynjar skólástjóri hélt smá tölu. Eftir það spilaði Skólahljómsveit Kópavogs og nemendur sungu afmælissöng fyrir skólann. Fjórti bekkur tróð upp með atriði úr söngleiknum Ronja Ræningjadóttir og fyrsti bekkur söng fyrir nemendur. Eftir það ætlaði allt um koll að keyra þegar WÆB bræður, sem réttindaráð skólans

ákváðu að ættu troða upp, komu og skemmtu. Mikil stemning var í salnum og nemendur tóku undir söng þeirra bræðra og dönsuðu. Þá var gengið í skrúðgöngu stuttan hring í hverfinu með undirspili Skólahljómsveitarinnar.

Í hádeginu var boðið upp á afmælistat og afmælisköku í eftirrétt en eftir það tóku við hefðbundnar kennslustundir á öllum skólastigum. Seinna um daginn eða kl.14:30 var boðið upp á kaffi og kruðeri fyrir starfsfólk og fyrrverandi starfsmenn í sal skólans.



Stjórnendur Snælandsskóla. Brynjar, Kjartan, Kristín, Ragnheiður og Agnes



## Spennandi dagskrá á bókasafninu

Bókasafnið fór ekki varhluta af hrekkjavökunni en nýtti þó tækifærið til að gera íslenskum skrímslum og draugasögum hátt undir höfði með skrímslasmíðu og fræðslu um íslenska drauga fyrir yngri kynslóðina.

Fyrir eldri kynslóðina var boðið upp á langan fimmtudag með draugasögustund sem lét hárin rísa og í beinu kjölfari gæpasagnakvöld með Lilju Sigurðardóttur, Stefáni Mána og Jónínu Leósdóttur.



Framundan er hefðbundin dagskrá á bókasafninu og föstu viðburðirnir á sínum stað, t.d. Tala og spila þar sem fólk með íslensku sem annað tungumál hittist og æfir sig í notalegu andrúmslofti, sófaspjall Sillu um andleg mál og fordóma, hannyrðaklúbbar og bókaklúbbar. Allar upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðunni bokasafn.kopavogur.is

slepptu mér sem er ætlaður fyrir foreldra ungmenna og mun Berglind Brynjólfsson, sálfræðingur hjá Sálstofunni fara í kvíða ungmenna og forvarnir gegn honum.

12. nóvember kl. 20:00 er svo þriðji fyrirlesturinn í viðburðaröðinni Haltu mér -



## Mæðrastyrksnefnd Kópavogi



Umsóknir um jólaaðstoð fyrir Kópavogsbúa verða alla þriðjudaga í nóvember kl:16-18 að Fannborg 5 Kópavogi.

Athugið að skila þarf inn íbúasýn frá Kópavogsbæ og staðgreiðsluyfirliti frá rsk. Gögnin þurfa að vera útprentuð.



## Skipulag í greipum frændsemi, kunningsskapar eða pólitískrar fyrirgreiðslu?

Opinn félagsfundur Vina Kópavogs 14. nóvember n.k. kl. 17:00 í húsnæði Siglingaklúbbsins Ýmis, Naustavör 14.

Dagskrá;

- Ásdís Hlökk Theódóttir aðjunkt og doktorsnemi við Háskóla Íslands og fyrrverandi forstjóri Skipulagsstofnunar, kemur á fundinn og segir frá niðurstöðum stjórnsýslukönnunar sem er hluti þverfræðilegrar rannsóknar sem hún vinnur að sem PhD verkefni í opinberri stjórnsýslu við Stjórn málafræðideid HÍ.

- Bæjarfulltrúar Helga Jónsdóttir og Kolbeinn Reginsson ræða um og sitja fyrir svörum um m.a.;
- Hvað er að fréttu af skipulagsóreiðunni í miðbænum?
- Hvernig gengur að skipuleggja Borgarlínu í Kópavogi?
- Svæðisskipulag á Kársnesi
- Hvert stefnir með legu hjólaleiða á milli Garðabæjar og Reykjavíkur?

Nánar á <https://www.facebook.com/XYKopavogur/>

Kópavogsbúar og áhugafólk um málefnið velkomin!



# Naustavör 60-66

BÚM  
BETUR



Bryggjuhverfinu í Kópavogi

[www.bygg.is](http://www.bygg.is)



NÝTT Í SÖLU

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2019-2023

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 60-66.

Íbúðirnar eru 80,3-199,2 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Tvennar svalir fylgja flestum íbúðum. Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum. Gólfhiti er í öllum íbúðum.



REYNSLA  
FAGMENNSKA  
METNAÐUR



Skóðið  
teikningar  
á [bygg.is](http://bygg.is)

FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf  
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500  
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTAIGNASALAN  
TORG  
KRAFTUR - TRAUT - ÁRANGUR  
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ  
Sími 520 9586

FJARFESTING  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250  
[www.fjarfesting.is](http://www.fjarfesting.is)  
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 40 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.





## AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN

KLAPPARSTÍG 29 | ASWEGROW.IS

Vefsíða Kópavogspóstisins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

Aðsend grein Vinir Kópavogs

# Fjallað verður m.a. um „skipulag í greipum frændsemi, kunningssskapar eða pólitískrar fyrirgreiðslu?“

Opinn fundur í sal Siglingaklúbbsins Ýmis, Naustavör 14

Fyrir núverandi og komandi kynslóðir eru ákvarðanir í skipulagsmálum eitt af því sem mest áhrif hafa á lífsgæði í bæjarfélaginu. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við stefnumótun í skipulagsmálum og framkvæmd þeirra. Skipulagsgerð og ákvarðanir í skipulagsmálum er pólitísk stefnumótun sem krefst vandaðs faglegs undirbúnings og fjölbreyttrar þekkingar og hæfni.

En getur verið að frændsemi, kunningssskapur eða pólitísk fyrirgreiðsla hafi áhrif á skipulagsákvæðanir í sveitarfélögum á Íslandi? Takmarkar fámenn stjórnsýsla og mikil starfsmannavelta bolmagn sveitarfélaga til að taka faglegar ákvarðanir í skipulagsmálum með framtíðina og almannahagsmunum að leiðarljósi?

Ásdís Hlökk Thedórsdóttir aðjunkt og doktorsnemi við Háskóla Íslands, og fyrrverandi forstjóri Skipulagsstofnunar, segir á fundinum frá niðurstöðu stjórnsýslukönnunar sem er hluti þverfræðilegrar rannsóknar hennar í doktorsverkefni í opinberri stjórnsýslu við stjórn málafræðideild HÍ. Í könnuninni var m.a. spurt um starfsumhverfi starfsfólks skipulags í sveitarfélög-



Mynd frá opnum fundi Vina Kópavogs 7. mars s.l., um Arnarland, hjólastiga og rammaskipulag Kársness

um, áherslur sveitarfélaga í skipulagsmálum, þekkingu og færni í skipulagsmálum, áhrif ólíkra hópa á skipulagsmál sveitarfélaga og einnig þrýsting ólíkra aðila á skipulagsmál sveitarfélaga.

Á síðari hluta fundarins verður fjallað um ýmis mál sem hafa verið á dagskrá bæjarstjórnar. Hvernig gengur að skipuleggja Borgarlinu? Er eitthvað að fréttu af rammaskipulagi fyrir Kársnesið? Hvert stefnir með legu hjólaleiða á milli Garðabæjar og Reykjavíkur? eru einhver áform um að lagfæra skipulagsóreiðuna á svæðinu á milli Hamraborgar og Digranessvegar?

Hver er framtíð SORPU-stöðvar við Dalveg? Hvað gerist á Arnarneslandinu?

Bæjarfulltrúar Vina Kópavogs, þau Helga Jónsdóttir og Kolbeinn Reginsson, segja frá og sitja fyrir svörum.

Á fundinum eru boðaðir sérstaklega félagar í Vinum Kópavogs, en fundurinn er opinn og allir hjartanlega velkomnir. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Fundurinn verður haldinn fimmtudag 14. nóvember kl. 17:00-18:30 í sal Siglingaklúbbsins Ýmis, Naustavör 14, Kópavogi.

## Vinsælustu bækurnar á Bókasafni Kópavogs í október

Jólabókafliðið er hafið og nú streyma inn nýjar og spennandi bækur á Bókasafn Kópavogs, en áhugavert er að skoða hvað bækur voru mest leigðar á safninu október.

Vinsælustu bækurnar voru Voðaverk í Vesturbænum eftir Jónínu Leósdóttur og Í djúpinu eftir Margræti S. Hökuldóttur, en þær voru leigðar 34 sinnum hvor í október. Í þriðja sæti var svo Sumarhrollur eftir Quentin Bates sem Helgi Ingólfsson

þýddi. Jafnar í 4.-7. sæti voru Hildur eftir Satu Ramö í þýðingu Erlu Elíasdóttur, Atlas: saga PA Salt eftir Lucinda Riley í þýðingu Valgerðar Bjarnadóttur, Mýrarsúlkan eftir Elly Griffiths í þýðingu Eyrúnar Eddu Hjörleifsdóttur og Skuggaljiljan eftir Johanna Mo, sem Pétur Már Ólafsson þýddi.




Áttunda vinsælasta bókin í október var Bústaðurinn við ströndina eftir Sarah Morgan og í 9. og 10. sæti voru Lykillinn eftir Kathryn Hughes, sem Birgitta Elin Hassel og Marta Hlin Magnadóttur þýddu og Myrkamaðurinn, sem er gæpasaga eftir Unni Lindell, sem Snjólaug Bragadóttir íslenskaði.

**NOMY**  
VEISLUÞJÓNUSTA

LÁTTU VERÐLAUNAKOKKA  
NOMY SJÁ UM VEISLUNA ÞÍNA.  
BÓKAÐU JÓLAHLAÐBORD OG  
JÓLASMÁRÉTTAVEISLU  
Á NOMY.IS

HÁGÆÐA MATREIÐSLA  
FYRIR ÖLL TÍLEFNI





**ITHAKA**  
FASTEIGNAFÉLAG



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2022-2024



— Verslunar-, skrifstofu- og þjónusturými —

# DALVEGUR 30A

Glæsilegt framtíðarhúsnæði tilbúið til  
afhendingar haustið 2026



ITHAKA.IS

ithaka@ithaka.is

595 7800



# Saga Snælandsskóla við 50 ára afmæli í október 2024

Í síðustu viku fagnaði Snælandsskóli 50 ára afmæli sínu, en hann tók til starfa í september árið 1974 en þá var hafin uppbygging í hverfinu eftir Vestmannaeyjagosið árið 1973. Fyrstu árin var hann starfræktur í lausum kennslustofum. Smám saman var síðan núverandi skólahúsnæði byggt og á skólinn að heita fullbyggður.

Hér á síðunni og næstu síðu er stiklað á stóru í sögu skólans í tilefni af 50 ára afmælinu.

## 1974

Snælandsskóli tekur til starfa þann 1. september og var 7 og 8 ára nemendum kennt í einni kennslustofu í Digranesskóla. Þann 28. október fær skólinn eigin húsnæði og eru það þrjár kennslustofur og kennarastofa (síðar nefndir „skúrarnir“) og kennsla 6 ára nemenda hefst þá. Nemendur eru 113 á aldrinum 6-8 ára og er skólinn tvísetinn, þ.e. um helmingi nemenda er kennt fyrir hádegi og hinum helmingnum eftir hádegi. Umhverfi skólans er órátt og leiktæki engin. Við skólann starfa í upphafi þrjár kennarar (í 2½ stöðu) og skólastjóri, Dónald Jóhannesson, auk annars starfsfólks. Skólinn átti að hafa að leiðarljósi „opið, samvirkt og sveigjanlegt skólastarfi“. Helsta ástæðan fyrir stofnun skólans er uppbygging í landi nýbýlisins Snælands í Fossvogsdal í Kópavogi í kjölfar eldgoss í Heimae, Vestmannaeyjum, árið 1973 en viðlagasjóðshús fyrir brottflutta Eyjamenn eru reist í nágrenni skólans í kjölfar gossins og standa þar enn.

## 1975 – 1979

Í lok fyrsta skólaárs er skemmtun í Félagsheimili Kópavogs þar sem nemendur skólans sýna skemmtiatriði. Þessi skemmtun þróast síðan í vordaga í skólanum sem haldnir eru annað hvert ár á móti vorsýningu.

Kór Snælandsskóla er stofnaður og fyrsti stjórnandi er Guðni Þ. Guðmundsson. Á fyrstu árum skólans hefst opnar vikur með blöndun árganga í kennslu. Skólastofum er skipt upp í vinnusvæði, t.d. íslenskusvæði, stærðfræðisvæði o.s.frv., þar sem nemendum er blandað milli árganga í nám við hæfi.

Foreldrafélag skólans er stofnað 1. mars 1977. Snælandsskóli verður skákmeistari skólanna í Kópavogi það sama ár en öflugt skákstarf var undir forystu Sverris Kristinssonar kennara.

Fyrsti áfangi skólans, A-álma, er tekin í notkun árið 1978 og er kjallarin innréttaður til kennslu í leikfimi. Arkitektar eru Sigurður Harðarson og Magnús Skúlason. Nemendur eru 350 á aldrinum 6 – 12 ára. Yfirkenari er ráðinn, Karl Jeppesen, sem gegnir stöðunni til áramóta. Hann fer þá í námsleyfi og tekur Reynir Guðsteinsson við starfi hans. Kór skólans syngur með Hauki Mortens lagið Nú er Gyða á gulum kjól á samnefndri plötu Hauks. Um vorið fóru 12 ára nemendur skólans í þriggja daga skólaferðalag til Vestmannaeyja í fyrsta skipti, en alls var farið í ellefu ár áður en ferðirnar lögðust af og skólabúðir á Reykjum tóku við. Tölvuvæðing skólans hófst með notkun BBC-tölva sem foreldrafélagið gaf skólanum.



Árið 1979 hófst samkennsla 7-8 ára nemenda. Skólablaðið Snær er gefið út í fyrsta skipti og kom út í nokkur ár. Það var unnið í sameiningu af 12 ára nemendum og kennara fyrir daga tölvutækninnar og selt í hús. Foreldraleikfimi hefst á vegum Foreldrafélagsins undir stjórn Rósu Þórisdóttur ípróttakennara í upphafi. Fjórir 12 ára nemendur skólans setja Íslandsmet í marabonskák og afla um leið fjár til bókasafns skólans með áheitum. Þá sjá 12 ára nemendur skólans um þátt í Ríkisútvarpinu laugardaginn 17. febrúar. Ensk skólastjóri hjón, Manny og Roy Lewis, halda námskeið fyrir kennara skólans um opið skólastarfi sem átti eftir að móta skólastarfið í Snælandsskóla næstu ár.

## 1980 – 1984

Samkennsla 8-9 ára nemenda hefst árið 1980 og þótti eðlilegt framhald af samkennslu 7-8 ára nemenda sem hófst árið 1979. Árið 1981 er ný álma skólans, B-álma, tekin

í notkun. Sama ár er gefin út Kennarahandbók Snælandsskóla í fyrsta skipti eftir vetrarlanga undirbúningsvinnu en í henni eru ýmsar upplýsingar um skólastarfið og fyrsti vísir að stefnu skólans sem hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Árið 1982 útskrifast fyrstu nemendur Snælandsskóla með grunnskólapróf og er skólinn þá fyrsti og eini heildstæði grunnskólinn í Kópavogi. Mikil fjölgun nemenda er í hverfinu á þessum árum og er fjöldi nemenda 538 á skólaárinu 1983-1984 og var samkennsla 7-9 ára barna hætt í lok þess skólaárs m.a. vegna þess að ekki fékkst styrkur frá menntamálaráðuneytinu til að þróa það áfram og einnig varð kennaraverfall á þessum árum til þess að margir kennarar, sem höfðu tekið þátt í þróunarverkefnum, sögðu upp og létu af störfum.

Árið 1984 tekur Reynir Guðsteinsson við af Dónald sem skólastjóri Snælandsskóla og það sama ár er C-álma skólans tekin í notkun.

## 1985 – 1989

Bókasafnið flytur árið 1985 úr lausum kennslustofum (skúrum) yfir í ris A-álmu og C-álmu. Á þessum árum eykst enn nemendafjöldi skólans og árið 1986 nær fjöldi nemenda hámarki eða um 640 nemendur í 30 bekkjardeildum. Skólinn verður í fyrsta sinn þrjúsetinn vegna nemendafjöldans en þetta sama ár er nýr ípróttasalur tekin í notkun. Námsver er sett á laggimar en það er athvarf til að vinna heimanám eftir að skóla lýkur og er því forveri Dægradvalar.

Árið 1988 er D-álma skólans tekin í notkun og bókasafn skólans er þá sameinað á einn stað í risi D-álmu. Hluti af myndskreytingu Magnúsar Pálssonar myndlistarmanns á ævintýrinu um Lítill, Trítill og fuglana er komið fyrir utan á skólann.

Ráðið er í fyrsta skipti í stöður árganga- og fagstjóra við skólann árið 1989 en árganga- og fagstjórn er undanfari núverandi deildarstjórnarskipulags. Sama ár fara 12 ára nemendur í fyrsta skipti í skólabúðir á Reykjum, en þær skólabúðir tóku við af árlegum heimsóknunum til Vestmannaeyja áður. Kór Snælandsskóla gefur út plötuna Barnadansar.

## 1990 – 1994

Árið 1990 verður skólaskylda frá 6 ára aldri á Íslandi og það ár verður 10. bekkur til sem elsti árgangur skólans. Nemendum skólans hefur fækkað og eru 516 talsins það haust. Kvöldskóli Kópavogs tekur til starfa og er fær aðstoðu til kennslu í Snælandsskóla.

Í mars 1991 taka foreldrar nemenda í skólanum að sér að annast nemendur meðan starfsmenn fara í skólaheimasókn á Akranes. Sama ár tekur Valborg Baldvinsdóttir, fyrsti námsráðgjafi skólans, til starfa. Skólinn verður í fyrsta sinn einsetinn árið 1994 og er Snælandsskóli fyrsti skólinn í þéttbýli til að taka það skref. Við þá breytingu stendur nemendum í 4.-10. bekk í fyrsta sinn til boða að kaupa hádegismat í skólanum. Merki skólans er kynnt til sögunnar sama ár, en það var hannað af Björney Ingu Björnsdóttir, nemanda skól-

ans. E-álma er tekin í notkun og á sama tíma er hætt að nota lausa kennsluskúra sem höfðu verið á lóð skólans.

## 1995 – 1999

Nemendum við skólann heldur áfram að fækka og eru árið 1995 um 480 talsins. Dægradvöl, gæsla fyrir nemendur í 1.-4. bekk eftir kennslu, tekur til starfa. Átak er gert í tölvukaupum við skólann og er það gert í samstarfi við Kvöldskóla Kópavogs.

IGLÓ, félagsmiðstöð unglunga, tekur til starfa í kjallara skólans haustið 1996 og sama ár færast rekstur skólans alfarið yfir til Kópavogsbæjar eins og aðrir skólar þar sem rekstur grunnskóla var færður það ár frá ríki til sveitarfélaga.

Árið 1998 er farið af stað með þriggja anna kerfi. Snælandsskóli hefur samstarf við franska skóla, Collège Massenet Fourneyron, þar sem nemendur vinna saman verkefni í náttúrufræði og umhverfismennt auk þess að skiptast á heimsóknunum. Franskir nemendur koma í námsferð til Íslands um sumarið. Kór Snælandsskóla syngur tvö lög á geisladiskinum Kom englaliðsem gefinn er út til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar en kostaður af Thorarensen-lyf. Síðar á skólaárinu fer kór skólans í söngferðalag til Noregs. Þróunarverkefnið Lestur og upplýsingatæknihefst, og stendur yfir skólaárið, sem miðar að því að auka lestrarfærni nemenda í 8. og 9. bekkjum með aðstoð tölvutækninnar.

Nemendur í 6. bekk setja í fyrsta skipti upp söngleik, Grease undir stjórn Lóu Bjarkar Jóelsdóttur tónmenntakennara, árið 1999 og fast hefur verið haldið í þá hefð síðan þá. Kór Snælandsskóla gefur út geisladiskinn Fagur er Fossvogsdalur sem inniheldur m.a. samnefnt lag, skólasöng Snælandsskóla, eftir Sigurbjörn Einarsson biskup við lag Mistar Þorkelsdóttur barnabarns hans. Nemendur í 10. bekk skólans fara í nemendaskiptaferð til Frakklands og gista heima hjá nemendum í franska samstarfsskólanum. Þróunarverkefnið Lestur og ritun í yngri deildum hefst og stendur í eitt skólaár en þar voru lestarhugmyndir sem kennarar kynntust í Kanadaferð árið áður nýttar og þróaðar við kennslu yngri nemenda skólans. Nemendur í 5. bekkjum hefja þátttöku í Comeniusverkefni með tveimur evrópskum skólum, frá Englandi og Ítalíu, sem stendur í eitt skólaár. Verkefnið heitir Landfræði út um gluggann (Geography through the window). Snælandsskóli gerir tilraunir með sérstakt deildarstjórnarskipulag með samningi við Skólaskrifstofu Kópavogs í eitt ár. Fyrstu deildarstjórnarnir eru kennarar við skólann, þau Anna Mjöll Sigurðardóttir, Guðrún Pétursdóttir og Haukur Svavarsson.

## 2000 – 2004

Snælandsskóli hefur þátttöku í þróunarverkefnum Heilsuefning í skólum árið 2000 en þar er skólinn með sitt eigið sérverkefni, Betri skóli – bætt líðan. Kór Snælandsskóla fer í söngferðalag til Ameríku. Hanna Hjartardóttir tekur við starfi skólastjóra af Reyni og nýr aðstoðarskólastjóri tekur til starfa, Guðrún Pétursdóttir, en hún er jafnframt deildarstjóri yngsta stígs. Deildarstjóri miðstígs verður Anna Mjöll Sigurðardóttir og deildarstjóri unglingsstígs verður Haukur Svavarsson.

Árið 2001 hefst í skólanum þróun á ýmsum verkefnum tengdum umhverfismálum. Skólinn setur upp eigin heimasíðu og í annað skipti fer hópur unglunga skólans að heimsækja samstarfsskólann í Frakklandi. Þróunarverkefnið Tónmennt – lífsleikni hefst og stendur í eitt skólaár þar sem tónmenntakennarar skólans standa fyrir skapandi starfi meðal 1.-7. bekkinga og Kórs Snælandsskóla. Kórinn hefur nóg



## JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI Í KÓPAVOGI

Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs auglýsir eftir:

- Umsóknunum um styrki til verkefna sem hafa framgang mannréttinda og jafnréttis í Kópavogi að markmiði.

Styrkir eru veittir einstaklingum, stofnunum, hagsmunasamtökum eða öðrum hópum. Heildarúthlutun er 400.000 kr.

- Ábendingum til viðurkenningar jafnréttis- og mannréttindaráðs.

Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, hópar eða félagasamtök sem hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttis- og mannréttindamála.

Umsóknunum og ábendingum skal skilað fyrir 26. nóvember á netfangið [jafnrrettisradgjafi@kopavogur.is](mailto:jafnrrettisradgjafi@kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)



# Áhorfendur og flytjendur nutu kvöldskemmtunarinnar í botn

Skólahljómsveit Kópavogs átti sviðið í Háskólabíó

Furðuverur og forynjur áttu sviðið í Háskólabíói þegar Skólahljómsveit Kópavogs hélt hausttónleika sína daginn fyrir Hrekkjavöku í síðustu viku.

Í Skólahljómsveit Kópavogs eru um 200 hljóðfæraleikarar og tóku 160 þeirra þátt í þessum tónleikum í þremur stórum hljómsveitum sem nefnast A, B og C sveit. Þau fluttu margvíslega tónlist fyrir áhorfendur og áttu öll lögin það sameiginlegt að tengjast á einn eða annan hátt þeim furðuverum og forynjum sem við kunnum að rekast á á Hrekkjavökunni. Í A sveitinni leika yngstu nemendurnir og voru þau fyrst á efnisskránni þetta kvöld með fjölbreytta tónlist með titlum eins og Draugahúsið og Ókíndin. Þau létu sér ekki nægja að spila fagmannlega á hljóðfærin heldur bættu þau inn ýmsum leikhljóðum til að auka áhrifamátt tónlistarinnar undir stjórn Össurar Geirssonar. Ekki laust við kaldur hrollur hafi hríslast niður eftir baki áhorfenda þegar mest gekk á.



„The Troll King“ og „Dark Ride“

Þá tók við B sveit SK og lék sín lög undir stjórn Gunnlaugs Bjarnasonar sem nýlega tók við sem stjórnandi þeirrar sveitar. Lögin þeirra báru lýsandi titla á borð við „The Troll King“ og „Dark Ride“ enda lögin frekar hrollvekjandi.

Tónleikunum lauk með flutningi elsta hópsins á krefjandi tónverkum sem ekki er á allra færi að ráða við. Syrpa laga úr söngleiknum Phantom of the Opera bar þar hæst og fá þessir ungu hljóðfæraleikarar lof fyrir snildargóðan flutning á því verki.

Það er ljóst að svona stórtónleikar verða ekki til í tómarúmi og það hafa greinilega margar hendur lagt hönd á plóg í undirbúningsferlinu. Kennarar við SK eru fjölmargir og voru þeir kallaðir upp á svið og þeim þakkað fyrir sitt framlag. Foreldrafélag SK starfar einnig náið með stjórnendum og kennurum að því að skapa góða umgjörð fyrir tónleikana. Krakkarnir



sjálfir hafa síðan lagt mikla vinnu í að læra lögin fyrir tónleikana og æfa sviðsframkomuna sem er mikilvægur hluti af öllum tónleikum. Allt þetta þarf að vera til staðar til að gera góða tónleika og það mátti heyra á leik unga fólksins að allt gekk upp þetta kvöld og bæði áhorfendur og flytjendur nutu kvöldskemmtunarinnar í botn.



# GEFÐU ÞÉR OG ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM VELLÍÐAN

## GJAFAKORT

Nafn korthafa: \_\_\_\_\_

Þjónusta eða vara: \_\_\_\_\_

Timalengd eða upphæð: \_\_\_\_\_ Gildir út: \_\_\_\_\_



[www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)

RELAXATION CENTRE  
NUDD OG SNYRTING

Nýbýlavegi 8 & [www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)



## Stiklað á stóru í 50 ára sögu Snælandsskóla

að gera undir stjórn Heiðrúnar Hákonardóttur er hann gefur út geisladiskinn Jólánótt, syngur í Jólalundinni í Sjóntúrinu, gefur út jólakort og fer á kóramót í Svíþjóð. Bekkjaramma mætir í skólann árið 2002, en það er verkefni á yngsta stigi þar sem amma kemur í skólann til að segja nemendum sögur. Fyrsta bekkjaramma var Sigríður Jóhannsdóttir, kennari á eftirlaunum. Nemendur á miðstigi fá eigið nemendaráð og heldur það reglulega fundi. Nemendur skólans skipta á milli sín gróðurreitum á skólalóðinni til að hirða um þá og gróðursetja fleiri plöntur. Vordagar skólans hefjast með útveru og skólafári þar sem lögð er áhersla á samfélagsgreinar og náttúrufræði. Á yngsta stigi hefst þróunarverkefni sem nefnist Námsferlismöppur nemenda en í því felst að nemendur safna í möppu sýnishornum af skólaverkefnum (ljóð, myndir, ritgerðir o.fl.) frá allri skólagöngu sinni og fylgir námsferlismappan þeim upp bekkjarskólans fram að útskrift er hún verður þeirra eign. Kór skólans ferð í söngferðalag til Þýskalands.

F-álma, nýjasta álma skólans, er tekin í notkun haustið 2003. Í henni eru tvær almennar kennslustofur, myndmenntarstofa, Dægradvöl, skólabókasafn, kaffistofa starfsfólks og vinnuástaða kennara. Eldri kennarastofu og mótuneyti kennara er breytt í kennslustofu og skrifstofu fyrir deildarstjóra. Þar sem bókasafnið var verður til matsalur nemenda þar sem þeim er boðið upp á heita máltíð í hádegina á skóladögum. Skólinn verður einn af stýrskólum á Íslandi í Olweusaráætlun menntamálaráðuneytis gegn einelti. Bekkjaramman, Sigríður Jóhannsdóttir, heimsækir nú bekkjarskólann á miðstigi. Miðstigið heldur árshátíð sína í fyrsta skipti þar sem allir bekkir leggja til skemmtiatriði og borða pítsu saman. Kennarar á yngsta stigi hefja vinnu við þróunarverkefni með nemendum sínum þar sem ný einkunnarorð skólans, víska, virðing, víðsýni og vinsemi, gegna lykilhutverki. Afraksturinn var m.a. hengdur upp á vegg skólans í listaverkum ýmiss konar. Kennarar á yngsta stigi fá styrk til að vinna að þróunarverkefni um kennslu með Davis námstækni. Kór Snælandsskóla fer í söngferðalag til Noregs. Formleg sérdeild er stofnuð við skólann og er ætluð unglíngum í Kópavogi sem lífa við skerta námsgetu. Deildarstjóri sérdeildarinnar er Kristrún Hjaltadóttir en deildin hefur starfað óformlega og verið í þróun í nokkur ár undir stjórn Kristínar Bjarkar Guðmundsdóttur sérkennara og Guðbjargar Emilsdóttur, sérkennara og fagstjóra í sérkennslu. Þriðji hópur nemenda á unglíngastigi skólans heimsækir nemendur

við samstarfsskólann í Frakklandi. Nýr deildarstjóri kemur til starfa á unglíngastigi, Helgi Helgason (Basli). Árið 2004 er Grænfáninn í fyrsta sinn dreginn að húni á vörslýngun en við það hefur skólinn hlotið viðurkenningu sem Grænfánaskóli í umhverfisverkefninu Skólar á grænni grein sem var sérstakt markmið í umhverfisáætlun skólans. Á vörslýngun skólans sýna yngstu nemendur skólans verkefni sín sem tengjast einkunnaorðum skólans og hengja listaverk um alla ganga skólans. Skólasafnið tengist Gegni, nýju landskerfi bókasafna. Snælandsskóli er 30 ára, afmælisblað er gefið út og dreift til íbúa í hverfinu. Skólinn opnar nýja heimasíðu í tilefni afmælisins þar sem endurhannað skólamerki er kynnt. Nýr aðstoðarskólaflokkur er ráðinn, Jóhann Ólafsson, sem jafnframt er deildarstjóri yngsta stigs. Menntamálaráðherra heldur blaðamannafund í skólanum



í september, með aðstoð 6. bekkinga, þar sem kynnt er væntanleg atkvæðagreiðsla meðal þjóðarinnar á þjóðarblómi Íslands (og síðar kom í ljós að varð Holtasóley). Nemendur í skólanum eru kringum 450, kennarar nálægt 40 og annað starfsfólk um 20 manns.

### 2005 – 2009

Árið 2005 var lögð aukin áhersla á einstaklingsmiðað nám, samvinnu nemenda og auknið sjálfstæði í námi. Það ár var mikil áhersla lögð á jafnréttis- og samvinnuverkefni innan Snælandsskóla, í takt við breytt samfélag og menntastefnu á Íslandi. Skólinn var virkur í að innleiða jafnréttisáætlanir og stuðla að því að allir ne-

mendur nyttu jafna tækifæra til náms, óháð kyni, uppruna eða félagslegri stöðu.

Árið 2006 hélt skólinn áfram að laga sig að breyttum kennsluháttum sem lögðu áherslu á einstaklingsmiðað nám, sjálfstæði nemenda í námi og fjölbreyttari kennsluáferðir. Kennarar voru farnir að prófa fleiri þemanámskeið og verkefna miðað nám til að auka þátttöku nemenda í kennslunni.

Árið 2007 var Snælandsskóli virkur þátttakandi í ýmsum umhverfisverkefnum, þar sem nemendur lærðu um mikilvægi umhverfisverndar og fengu tækifæri til að taka þátt í verkefnum tengdum endurvinnslu, orkusparnaði og sjálfbærni. Þetta var í samræmi við vaxandi áherslu á græna skólaflokkinn í samfélaginu.

Snælandsskóli hóf að leggja áherslu á að efla tækni við kennslu á árinu 2008 en það ár skall efnahags-

í námsefninu. Verkefna miðað nám fékk auknið vægi og gerði nemendum kleift að vinna saman að lausnamiðaðum verkefnum.

Á árunum 2018-2019 hélt tækni áfram að vera stór þáttur í skólaflokknum. Spjaldtölvuvæðing í Kópavogi varð til þess að Snillismiðjuteymi var starfrækt við skólann. Kennarar nýttu tækni til að auka sveigjanleika og þátttöku í kennslu og námsmati. Nemendur lærðu að nýta tækni á gagnrýnn og skapandi hátt í verkefnavinnu, sem styrkti tæknilæsi þeirra. Markmið skólans var að undirbúa nemendur fyrir tæknivætt samfélag og vinnumarkað framtíðarinnar. Kennarar sem leiddu Snillismiðju skólans, Ragnheiður Eygló Guðmundsdóttir, Guðmunda Hrönn Guðlaugsdóttir og Jóhanna Hjartadóttir, fengu viðurkenningu frá menntaráði Kópavogs tvö ár í röð, annars vegar fyrir fjölbreytta kennsluhætti með forritun og tækni til leiðarljósi og svo hins vegar fyrir menntabúðir sem nemendur héldu fyrir foreldra skólans. Hröður verkefnisins barst víða og koma menntamálaráðherra þess tíma, Lilja Alfreðsdóttir, í heimsókn í skólann til að kynna sér notkun spjaldtölva í námi og aðra vinnu sem fram fór í Snillismiðjunni.

### 2020 – 2024

Árið 2020 var mikil áskorun fyrir Snælandsskóla, þar sem heimsfaraldur COVID-19 breytti skólaflokknum umtalsvert. Skólinn sýndi mikla aðlögunarhæfni með því að innleiða fjarkennslu og nýta tækni lausnir til að halda áfram að veita nemendum gæðamenntun. Velferð nemenda var í forgrunni, og samstarf við foreldra var lykilaatriði í því að takast á við nýjar áskoranir. Fjarkennsla var nýtt þar sem hægt var en einnig var lögð áhersla á að setja upp skipulag sem gerði nemendum kleift að mæta í skólann til að halda í rútinu og hitta vini og samnemendur. Unnið var út frá minnisblöðum og reglugerðum og skólanum skipt upp í sóttvamaþólf þ.a. nemendur gátu mætt að minnsta kosti hluta úr degi í skólann. Þrátt fyrir ástandið hélt Snælandsskóli áfram að stuðla að sjálfbærni, félagslegri þátttöku og andlegri heilsu nemenda, og skólinn kom enn sterkari út eftir þetta krefjandi ár.

Haustið 2021 fékk Snælandsskóli viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF fyrstur skóla í Kópavogi. Viðurkenningin er veitt skólum sem leggja sig fram við að kynna barnasáttmála sameinuðu þjóðanna fyrir nemendum og auka aðkomu nemenda að ýmsum málum innan skólans sem snúa að þeim. Réttindaráð skólans var stofnað og hefur síðan þá náð fram ýmsum úrbættum innan skólans. Á árinu var áfram lögð rík áhersla á notkun stafrænnar tækni í Snælandsskóla það ár. Nemendur nýttu spjaldtölvur og tölvur í daglegu námi og verkefnavinnu, og fjarkennslutól eins og Microsoft Teams og Zoom voru mikilvæg tæki til að halda uppi samskiptum milli kennara, nemenda og foreldra. Kennarar voru einnig duglegir að nýta stafræna tækni til að gera námið meira aðlaðandi og sveigjanlegra, sem gerði nemendum kleift að vinna á eigin hraða og byggja upp sjálfstæði í námi.

Árið 2022 náði skólinn aftur að færa sig aftur til fyrri starfshátta eftir tveggja ára áskoranir vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Með endurkomu staðnáms var áherslan lögð á að styrkja kennsluhætti, efla félagslíf nemenda og halda áfram með verkefni tengd sjálfbærni, lýðræði og jafnrétti. Á árinu fékk Snælandsskóli viðurkenningu menntaráðs fyrir verkefnið Velferðarkennsla á unglíngastigi sem fléttar saman jákvæða sálfræði, námstækni, forvarnir og allt sem snýr að velferð og vellíðan.

Haustið 2023 tók Brynjar Marín Ólafsson við sem skólaflokkur en það ár lét Magnea af störfum. Skólinn hélt áfram að þróa fjölbreytta kennsluhætti með áherslu á einstaklingsmiðað nám, aukna tækninotkun og sjálfbærni. Annað árið í röð fékk skólinn viðurkenningu menntaráðs fyrir áhugaverða kennsluhætti. Í þetta sinn fengu tvö verkefni viðurkenningu þ.e. fyrir Vísindasmiðju í 3. bekk og fyrir Flæði, þemabundna verkefnavinnu og uppbrót á miðstigi. Snælandsskóli hélt áfram að vera leiðandi skóli sem lagði áherslu á heildræna menntun og velferð nemenda.

Á því herrans ári 2024 horfir starfsfólk Snælandsskóla björtum augum til framtíðar. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans í dag eru fullir af eldmóði sem virðist hafa einkennt kennara skólans frá fyrsta degi. Skólinn reynir enn að starfa í anda þess sem lagt var upp með árið 1974 þ.e. að styðja við „opið, samvirkt og sveigjanlegt skólaflokk“. Megi næstu 50 ár vera jafn farsæl og gefandi eins og síðustu 50.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023

2023 Fyrirmyndaryfirtæki  
í rekstri

Eignaumsjón

Váskjaldað Snælandsskóli

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

**EIGNAumsjón**  
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800





*Jólahlaðborð Fjörúkrárinna  
hefst 15 nóvember*

*Bókanir og fyrirspurnir: [birna@fjorukrain.is](mailto:birna@fjorukrain.is)*



*Víkingasveitin okkar spilar  
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við  
eftir borðhald*



# Jólin þín byrja á veitingastað IKEA

**595,-**

Hvítsúkkulaðimús með  
pralín

**595,-**

Vegan súkkulaðimús með  
lotus-kexi og biscoff-smyrju

**595,-**

Súkkulaðimús með  
hindberjakompott

**695,-**

Tiramisú

**595,-/stk.**

Risalamande  
með kirsuberjasósu  
eða karamellu

**395,-/stk.**

Söruç með karamellu  
eða súkkulaði

Veitingastaðurinn er opinn 11-19:30 alla daga  
Skoðuðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

